

heimili & hönnun


[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÝBÍLI]

mars 2011

Stoðtæki, skór og skartgripir

Hægt verður að berja ýmsar hliðar vöru- og iðnhönnunar augum á sýningu á Laugavegi 91.

SÍÐA 2



Lifandi miðstöð

Sýning innanhússarkitekta, 10+, er nú haldin í annað sinn að Grandagarði 16 með stórukinni þátttöku. SÍÐA 4

VEISLA FYRIR ÖLL SKILNINGARVITIN

Íslensk hönnun eins og hún gerist best.
HönnunarMars er á næsta leiti.



HOOVER RYKSUGUR - 20% AFSLÁTTUR Í MARS

Verðdæmi

2000 watta Hoover ryksuga
2ja lítra poki og gúmmihjól
HEPA filter og 7,3m snúra



Margar gerðir!

VERÐ
DÆMI

Hoover TF2011 - 2000w

Kr.
11.990
Verð áður 14.990



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



● ÞEKKTIR HÖNNUÐIR Í TJARNARBÍÓI

Hönnunarmiðstöð efnir til fyrirlestardagskrár og umræðna í Tjarnarbíói við upphaf HönnunarMars í ár og er það viðburður sem hönnuðir og áhugafólk um skapandi samfélag ættu ekki að láta framhjá sér fara. Fram koma hönnuðirnir Jerszy Seymour, Ilkka Suppanen og Siggí Eggertsson og arkitektinn Winy Maas.

Seymour er vöru- og húsgagnhönnuður sem er þekktur fyrir nýstárlega nálgun við notkun á efnivið. Afslappaður húmor einkennir verkin hans og eru þau leikræn og litrík.

Suppanen sækir í norræna arfleifð en nálgast hana á afslappaðan og nýstárlegan hátt. Suppanen stofnaði Studio Suppanen árið 1995 og hefur unnið ýmis hönnunarverkefni fyrir alþjóðleg fyrirtæki eins og Nokia, Cappellini og Marimekko sem dæmi.

Siggí Eggertsson er afkastamikill grafískur hönnuður og er honum lýst í alþjóðlegum fagtimaritum sem upprennandi stjörnu í myndskreytingum.

Maas er síðan einn af stofnendum arkitektastofunnar MVRDV en hún hefur verið leiðandi innan arkitektúrs síðustu tuttugu ár. Fyrirlestaröðin hefst klukkan 10 á fimmtudag og stendur til 16.

Bragðmikil hönnunarveisla

● HönnunarMars er að breyta á með öllum þeim dýrindis uppákomum sem eru í boði. Úr mörgu er að velja en nokkrir viðburðir eru sérstaklega veglegir og yfirgrípsmiklir.

Sigga Heimis
iðnhönnuður
skrifar í Heimili&hönnun
sigga@siggaheimis.is



Einn þeirra er Vöruhús en það er hugmyndaríkur tuttugu og sjö manna hópur á vegum Félagss vöru- og iðnhönnuða, sem mun sýna hinum almenna borgara ýmsar hliðar iðnhönnunar á Laugavegi 91. Þar verður hægt að bera augum stóðtæki, skartgripahönnun, skó, heimilishönnun og ýmislegt annað áhugavert.

Iðnhönnun er ungt fag á Íslandi og hefur umfang þess aukist til muna í íslensku samfélagi síðastliðin ár. Meðbyr í nýsköpun og vöruþróun sem kom til við bankahrunið hefur þar mikið að segja. Það er góð uppskrift að velgengni að nýta hugmyndaríka hönnuði þegar breyta þarf hlutum og bylta við hugsunarhætti.

Það sést á öllum könnunum og greinargerðum sem gerðar hafa verið bæði hér sem erlendis að það er góður greiði að fá skapandi aðila með sér í hugmynda- og þróunarferlið.

Iðnhönnuðirnir sem standa fyrir sýningunni í Vöruhúsi bera sig vel.

Sýningin, sem er vegleg og margþætt, hefur tekið tíma og kraft frá duglegum sjálfboðaliðum og núna er allt að smella saman og síðustu smáatriði að klárast.

Þeir telja atvinnuútlit vænlegt og flestir sýnenda vinna að einhverju leyti við hönnunarstörf,



Margbreytilegur púði eftir Ragnheiði Ösp Sigurðardóttur sem getur bæði verið mjúkur og harður.

enda hefur áhugi og skilningur aukist jafn og þétt á mikilvægi hönnunar í almennu samfélagi síðastliðin ár.

Á meðal sýnenda eru stór iðnfyrirtæki líkt og Össur með framleiðsluvörur sínar í bland við frumgerðir og módel frá ungum og upprennandi iðnhönnuðum og allt þar á milli. Umhverfisþættir og endurvinnsla eru áberandi í

nokkrum verkum enda gífurlega mikilvægir málaflökkar. Og verkin eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Eitt sem ber sérstaklega að nefna er samvinna tónlistarmannsins Mugison við iðnhönnuðinn Pál Einarsson. Þeir hafa hannað saman hljóðfæri og fá gestir að kynnast því verki á sýningunni. Einnig má geta þess að til landsins koma iðnhönnuðir



Ræðubindi Stefáns Péturs Solveigarsonar getur komið sér vel.



Gestum gefst á sýningunni kostur á að kynna sér margrómaða hönnun Össurar.

búsettir erlendis gagnert til þess að vera með, sem gefur sýningunni sérstaka breidd.

Það er fróðlegt fyrir alla að kíkja á sýninguna hjá þessum öflugum hópi og kynna sér möguleika iðnhönnunar. Nýsköpun og vöruþróun eru engin nýyrði lengur í íslensku máli og sýningin er frábært tækifæri til að kynna sér þessi mál nánar.

Festir sig í sessi

HönnunarMars er á næsta leiti en þessi árlega borgarhátíð, sem stendur yfir frá 24. til 27. mars, er að festa sig í sessi sem stærsti hönnunarviðburður á landinu. „Óhætt er að segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar frá þeim þremur árum síðan HönnunarMars fór fyrst fram. Ákveðin spenna einkenndi fyrsta árið, við renndum að vissu leyti blint í sjóinn og vorum alveg í skjúnunum með útkomuna. Síðast unnum við úr reynslunni og nú þurfum að sýna og sanna fyrir okkur og umheiminum að HönnunarMars standi undir nafni.“

Þetta segir verkefnisstjórnin Greipur Gíslason, sem efast ekki um að það takist. „Enda rekur hver viðburðurinn, sýningar og fyrirlestrar, annan í ár og hleypir nýju lífi í borgina; verslanir, veitingastaðir og vöruhús munu öðlast nýtt hlutverk þegar bæði reyndir og upprennandi hönnuðir mæta til leiks með allt frá hátiskufatnaði í háhýsi, sem gefur hátíðinni mikla breidd,“ segir hann og bætir við að íburðarmeiri sýningar og innsetningar en áður muni setja sinn svip á hátíðina. Nánari upplýsingar á www.honnunarmidstod.is.



Greipur hjá Hönnunarmiðstöð segir gróska einkenna hátíðina. FRETTLABLAÐIÐ/VALLI

20% afsláttur

af öllum vörum
laugardag – mánudags



POLARN O. PYRET

KRINGLAN OG SMÁRALIND

● Forsíðumynd: Valgarður Gíslason tók mynd af HönnunarMarsipani eftir Örnú Rut Þorleifsdóttur og Rán Flygenring í
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 Ritsstjórn: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is Auglýsingar: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462 Útlitshönnuður: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.



ego dekor

HETTHI HVÍTT HÁGLANS

Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm

Verð: 149.900,-

Stakkanlegt borð 180(268)X100

Verð: 159.900,-



HETTHI HNOTA

Skenkur
Breidd: 180cm

Verð: 169.000,-

Stakkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100

Verð: 159.900,-

Stakkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110

Verð: 179.900,-



COMO

PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100

Verð: 119.000,-



COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm

Verð: 129.900,-



NÝ SENDING AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



LUCAS leðurhornsófi
Stærð: 285X223

Verð: 339.000,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165

Verð: 328.000,-



PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160

TILBOÐSVERÐ: 194.650,-



KUND tungusófi
m/stíllanlegum höfuðpúðum
Stærð: 303X168

TILBOÐSVERÐ: 233.100,-



OLIVER stóll

VERÐ: 18.900,-

PRIMA stóll

VERÐ: 13.800,-

VEGAS leðurstóll

VERÐ: 16.900,-



NEW ENGLAND
tungusófi

m/færanlegri tungu
Stærð: 252X165

TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Gríptu tækifærið!

Tilboð á árskortum í NordicaSpa sem gilda frá kl. 13-17

TILBOÐSVERÐ: 9.900 kr. á mán.



Meðlimskort NordicaSpa
Með kortinu færð þú:

- Aðgang að einkabjálfa í tækjasal
- Sérniðna æfingaáætlun
- Mælingar, aðhald og eftirfylgni
- Aðgang að fjölbreyttum tímum
- Handklæði við hverja komu
- Herða- og höfuðnudd í heitum pottum
- Aðgang að Spa-svæði
- Aðgang að vatnsgufum og sauna
- Afslátt af þjónustu og námskeiðum
- Persónulega þjónustu og hlýlegt viðmót

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar nordicaspa.is eða í síma 444-5090.

N O R D I C A S P A

Hilton Reykjavík Nordica - Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090 - www.nordicaspa.is



Inhabit #01 Kommóða eftir Lísu Kjartansdóttur.



Fengur Fatastandur eftir Fanneyju Long.



Retro Smile Stóll eftir Sigrúnu Einarsdóttur.



Mosi Sófi eftir Aðalheiði D. Þóroldsdóttur.

Þrjátíu ný húsgögn

● Sýningin 10+ vakti mikla athygli á HönnunarMars fyrir ári. Hún er nú haldin í annað sinn með stórukinni þátttöku en sýningin er framlag innanhússarkitekta til FÉLAGSINS.

Hin lifandi arkitektamiðstöð FÉLAGIÐ verður staðsett á annarri hæð á Grandagarði 16 á HönnunarMars, dagana 24. til 27. mars. Þar verða meðal annars sýningarnar Ferlið – sýning á vinnuferli arkitekta og Snortið landslag – upplifunarrými landslagsarkitekta, en FÉLAGIÐ samanstendur af arkitektum, landslagsarkitektum og innanhússarkitektum.

Sýningin 10+ er framlag innanhússarkitekta á HönnunarMars og er nú haldin í annað sinn. Dóra Hansen sýningarstjóri segir þátttökuna hafa stórukist milli ára.

„Við finnum mikinn meðbyr núna bæði frá umhverfinu og hönnuðunum sjálfum. Í fyrra voru tólf sýnendur en nú eru þeir þrjátíu. Eins og í fyrra buðum við öllum fagfélögum nú sem tengjast Hönnunarmiðstöð að taka

þátt í 10+. Sýningin er því sérhæfð að því leyti að sýnd eru húsgögn, en ekki að þar sýni bara innanhússarkitekta. Okkur finnst þetta fyrirkomulag hafa skilað sér,“ segir Dóra og bætir við að loks hafi skapast vettvangur til að sýna íslenska húsgagnahönnun.

„Um leið og sá vettvangur er kominn hvetur það hönnuði til að hanna húsgögn. Okkar draumur og markmið er að hönnuðir nái tengslum við framleiðendur en ekki síður að sýningin hvetji til framleiðslu á íslenskum húsgögnum. Eftir sýninguna 10+ á síðasta ári urðu þegar til tengsl milli hönnuða og framleiðenda. Nokkrar vörur komust í sölu í verslunum hérlandis en einnig urðu til tengsl við erlenda framleiðendur. Snagar



Hengjum lampann Eftir Sigríði Heimisdóttur.

eftir Helgu Sigurbjarnadóttur eru til dæmis komnir í framleiðslu og sölu hjá Norman Copenhagen og eins er Bryndís Bolladóttir að hanna fyrir sama fyrirtæki,“ segir Dóra.

Sýningin 10+ verður opin 25. mars frá klukkan 11 til 23, 26. mars frá klukkan 11 til 17 og 27. mars frá klukkan 13 til 17. Auk Dóru Hansen sá Ómar Sigurbjarnadóttur um hönnun sýningarinnar og um sýningar-skrána sá Elísabet Jónsdóttir. -rat

NINGS

Suðurlandsbraut 6

NINGS

Stórhöfða 17 við Gullinbrú

NINGS

Hlíðasmára 12 Kópavogi

Sími 588 9899

www.nings.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Stigahúsateppi



Tónlistarmaðurinn Mugison og Páll Einarsson vöruhönnuður eru að galdra fram græju sem er í senn hljóðfæri, hljóðnemi, ljósabúnaður, gítarmagnari, trommuheili, reykvél og fleira. Hún verður til sýnis í Vöruhúsi á Laugavegi 91.

Mugison segir drauminn um græjuna hafa kviknað þegar hann var tölvutrúbadur og orðinn leiður á að tengja „alls konar drasl“ á hverjum degi. Á þeim árum kveðst hann hafa þekkt Palla sem hljóðmann. „Palli er snillingur,“ segir hann. „Hann gæti farið að virkja snjókomuna einhvern daginn,“ segir hann með addáun.

Fyrir hálfu öðru ári gerðu þeir félagar tilraunaútgáfu af tæknu, sem Mugison tók með í tvo prufutúra um Evrópu. Í ferðinni



„Hugsunin er sú að tækið passi bæði á stofutónleikum og í Laugardalshöllinni,“ segja Mugison og Páll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bilaði ýmislegt og Mugison kveðst hafa verið með lóðbolta að gera við – með Palla á línunni. „Nú erum við að endurhanna og styrkja það sem veikt var,“ segir hann. „Palli er

búinn að próa hugbúnað og þarna höfum við sett í eina græju ýmislegt sem ég hef sankað að mér gegnum tíðina. Þetta er líkt og að smíða draumabíl úr tíu öðrum.“ -gun



Notalegra heimili með korki



- Hlýrra gólf
- Betri hljóðvist
- Mjúkt og þægilegt að ganga á

Verið velkomin í byggingavöruverslun okkar að Ármúla 29. Við erum með glæsilegan sýningarsal og leggjum metnað okkar í að auðvelda þér valið. Við bjóðum einnig upp á viðarpanil, baðpanil, loftapanil auk annarra veggjaplatna í úrvali. **Verslunin er opin alla virka daga frá 8:00-18:00.**



Byggingavöruverslun
P. Þorgrímsson & Co.
Stofnað 1942

Ármúla 29, 108 Reykjavík | S: 512 3360 | www.korkur.is



Hönnuðurinn Ragnheiður Ágústsdóttir verður, ásamt Áslaugu Snorradóttur ljósmyndara, með sýningu í Mæjónesi, Tjarnarbíói, á ævintýralegum matarílátum og bökkum.

Borð af sýningunni 10+ eftir Guðbjörgu Magnúsdóttur.



HÉR OG ÞAR

● Ýmsir spennandi viðburðir verða á HönnunarMars 2011. Hér er yfirlit yfir nokkra sem tengjast heimili og hönnun.

FÉLAGIÐ, Grandagarði 16, 2. hæð
Opið: 25. mars kl. 11-23, 26. mars kl. 11-17 og 27. mars kl. 13-17.

Lifandi arkitektamiðstöð, FÉLAGIÐ, verður rekin úti á Granda en þemað þar verður arkitektúr og iðnaður. Helstu viðburðir í FÉLAGINU eru þessir:

Húsgagnasýningin 10+ : Þátttakendur úr mörgum hönnunarfélögum, samtals 30 sýnendur.

Ferlið: Sýning á vinnuferli arkitekta, hvernig verk þeirra þróast.

Snortistöð landslag: Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, stendur fyrir sýningu í litlum upplifunarrýmum og gestir geta fengið að kynna fjölbreyttum hugmyndum og lausnum landslagsarkitekta á umhverfinu.

Íslensk hönnun í framleiðslu verður kynnt af húsgagnaframleiðendum og framleiðendum á byggingarefni. Íslenskir framleiðendur kynna samstarf sitt og hönnuða. Opunarahólf verður haldið fimmtudaginn 24. mars kl. 20.

Vöruhús á Laugavegi 91

Opið: 25.-27. mars kl. 11-18. Félag vöru- og iðnhönnuða stendur fyrir sýningu þar sem yfir tuttugu vöru- og iðnhönnuðir sýna nýjar og spennandi vörutegundir.

Epál, Skeifunni 6

Opið: 24.-25. mars kl. 10-18, 26. mars 11-16 og 27. mars 12-16.

Fjöldi hönnuða sýnir verk sín, unnin úr áli, í húsakynnum verslunarinnar Epál á HönnunarMars. Verkefnið er unnið í samvinnu Epals, Samáls og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Norræna húsið Sturlugötu 5

Opið: 24.-27. mars kl. 12-17.

Leirlistafélag Íslands opnar sýningu undir yfirskriftinni Íslensk matargerð í íláti.

Verslun GÁ húsgagna, Ármúla 19

Opið: 24.-26. mars kl. 10-18 og 27. mars kl. 12-14

Kynning á nýrri hönnun Péturs B. Lútherssonar húsgagnaarkitekts en húsgögnin eru árangur samstarfs Péturs og GÁ húsgagna sem staðið hefur í tæpt ár. Ennfremur verður til sýnis ný hönnun Péturs á húsgögnum fyrir Trésmiðju GKS ehf. og Stáliðjuna ehf.

Gallery Jens, Síðumúla 35

Opið: 24.-27. mars

Berglind Snorra og Jón Snorri Sigurðsson sýna nýja vöruhönnun.

Laugavegur 168

Opið: 24.-27. mars

FærliD sýnir húsgögn og fylgihluti fyrir heimilið, Skyggniþrábært kynnr nýjustu verkefni sín og Borgarmynd sýnir kortavinnu og grafík

IKEA, Kaupúni 4

Sextíu og fimm hönnuðir sýna hugmyndir sínar og útfærslur á borðinu

LACK á hefðbundnum opunartíma IKEA meðan HönnunarMars stendur yfir.

Aurum Bankastræti 4

Opið: 24.-25. mars 10-18, 26.

mars 11-17 og 27. mars 13-17.

Guðbjörg Ingvarsdóttir hönnuður og gullsmíður Aurum hefur í samstarfi við finnska hönnunarteymið Elinno þróað borðbúnað úr hágæða postulíni. Opunarteboð Aurum verður haldið fimmtudaginn 24. mars á milli 16 og 18.



Ljósmyndasýning verður á Mokka með myndum úr bókinni 101 Tækifæri.

Mokka, Skólavörðustíg 3a.

Opið: 24.-27. mars kl. 9.00-18.30.

Bókin 101 Tækifæri eftir Snorra F. Hilmarsson kom út í samvinnu við Torfusamtökin á síðasta ári en í henni er vakin athygli á þeim verðmætum sem gamli borgarhluti Reykjavíkur býr yfir. Opun úr bókinni munu prýða veggja Mokka og bókin sjálf verður til sýnis.

Kirsuberjatréd, Vesturgötu 4

Opið: 25.-27. mars

Hönnuðir Kirsuberjatrésins sýna nýja hönnun undir yfirskriftinni KIRSUBER.

Kaolin Ingólfsstræti 8

24.-31. mars kl. 12.00-18.00, 26.03 11-17.

Átta hönnuðir sýna bolla undir yfirskriftinni Spáð'í bolla..

Súfistinn í ÍDU, Lækjargötu 2a

Opið: 24.-27. mars

Kaffibollar og mál Auðar Ingu verða til sýnis.

Íslenska óperan, Ingólfsstræti 2a

Opið: 26. mars

Teboðsfélagið býður til teboðs.

Fjórar gerðir tebolla úr íslenskum leir, eftir jafnmargra leirlistamenn, verða til sýnis.

Tjarnarbíói, Tjarnargötu 12

Opið: 24.-27. mars

Ragnheiður Ágústsdóttir og Áslaug Snorradóttir sýna ævintýraleg matarílát og bakka í Mæjónesi, Tjarnarbíói.

Fiskbúðin, Freyjugötu 1

Opið: 25. mars kl. 17-19.

Sýning á CUT_FISH skurðarbrettum eftir hönnuðina Fanneyju Long og Hrafnkel Birgisson.

Móðern, Hlíðarsmára 1 og Esja Austurstræti 16.

Siggi Anton sýnir nýjan spegil sem ber heitið Fall.

Vestur heimur

Íslendingaslóðir í Ameríku Sumarferðir 2011

Ferð 1: Amish og Íslendingar: 17. - 26. maí

Flug með Icelandair til Minneapolis. Átta daga ferð um nýlendur Amish í Minnesota og Iowa og Íslendinga í Minnesota.



Amish í Iowa



Whistler í Kanada

Ferð 2: Vesturströnd: 29.ágúst – 7.september

Flug með Icelandair til Seattle. Afkomendur vesturfara heimsóttir í Seattle, Blaine, Vancouver og Victoria. Skoðunarferð til Whistler, í Butchart Gardens og víðar.

Nánari upplýsingar á www.vesturheimur.is og hjá jónasi Þór í síma 861-1046 og á jonas@vesturheimur.is.



M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



Þjóðum það besta í evrópski húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opíð alla virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16.

heimili & hönnun



BERGLIND SIGURDARDÓTTIR leggur stund á arkitektúr við Listaháskóla Íslands og lýkur BA-prófi í vor.

Finnst þér HönnunarMars áhuga-vert fyrirbæri? „Já, mér finnst það. Þetta er svo fjölbreytt dagskrá og farið um víðan völl í hönnun og arkitektúr. Þetta vekur líka athygli fólks sem er ekki að velta hönnun neitt fyrir sér dags daglega.“

Ertu búin að ákveða hvað þú ætlar að sjá? „Ég vil endilega að fólk fylgist með Félaginu, sem húsgagnahönnuðir, arkitektar og landslagsarkitektar verða með á Grandagarði 16. Þar verður opið kaffihús og fullt af flottum fyrirlestrum. Þar verður líka sýnd stuttmynd eftir útskriftarnema í arkitektúr, sem ég hvet alla til að sjá. Og svo verður fólk að kíkja í Topphúsið, gömlu stöðina í Elliðaárdalnum. Svo

er þetta bara spurning um að röлта um miðbæinn og koma við á sem flestum stöðum. Það skemmtilega við HönnunarMars er að það er svo margt í gangi samtímis að ef maður fer á einn viðburð rambur maður á fimm til sex aðra hluti í leiðinni.“

Heldurðu að HönnunarMars hafi einhverja þýðingu fyrir íslenska hönnuði? „Já, tvímælaust. Þetta nær augum og eyrum svo margra og gerir íslenska hönnun svo vel sýnilega að það skilar sér margfalt.“



Þau vita hvað þau vilja

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

**Heilsu-
réttir
Nings**

... og kroppurinn blómstrar.

NINGS Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFID

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti fréttá- og afþreyingarvefur landsins.

vísir